

Alþingi

Erindi nr. P 133/1202

komudagur 26.2.2007

SFF

SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association

26. febrúar 2007

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um breytingartillögu við 387. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar um breytingartillögur við 387. mál (frv. til brt. á l. um váttryggingarsamninga) sem send var Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) rafrænt 20. febrúar sl. Fram kemur að breytingartillögurnar byggist á umsögn Persónuverndar um þingmálið. Tillögur Persónuverndar eru að flestu leyti til bóta og taka SFF undir þær, að undanskildu einu atriði. Er þar átt við tillögu um að váttryggingafélögum verði heimilt að afla upplýsinga um niðurstöður erfðarannsóknna þess efnis að umsækjandi persónutrygginga (váttryggður) sé ekki haldinn tilteknum sjúkdómi. Tekið skal fram að SFF gerðu ekki athugasemd við þetta atriði í tölvupósti til ritara þingnefndarinnar 19. febrúar sl. Þá hafði hins vegar gefist mjög skammur tími til að skoða málið. Samtökin hafa kynnt sér þetta betur eftir að svarfrestur var lengdur.

Rök Persónuverndar fyrir slíkri breytingu virðast samkvæmt umsögninni vera þau að stofnuninni hafi borist símtal frá umsækjanda um váttryggingu þess efnis að honum hafði verið meinað af viðkomandi tryggingafélagi að leggja fram slíka staðfestingu. Samtök fjármálafyrirtækja benda á að slíkar upplýsingar gætu verið til þess fallnar, ef þeirra yrði krafist, að mismuna tryggingatökum. Það liggur fyrir að margt fólk getur ekki hugsað sér að undirgangast erfðarannsókn til að leiða í ljós hvort það sé haldið tilteknum erfðaeiginleikum sem leitt geta til ákveðinna sjúkdóma eða ekki. Þann rétt ber að virða. Ef breytingartillaga Persónuverndar hvað þetta varðar fer í gegn væri þannig verið að flokka Íslendinga í tvo hópa, þ.e. þá sem geta/vilja lagt fram staðfestingu í formi erfðarannsóknar og hins vegar þá sem ekki geta/vilja það. Fyrirnefndi hópurinn ætti þá kost á öðrum kjörum á sínum tryggingum en sá siðarnefndi. Eins og áhættumat er framkvæmt í persónutryggingum í dag er ekki óskað staðfestingu þess efnis að umsækjandi hafi ekki tiltekinn sjúkdóm, hvorki arfgengan né af öðru tagi. Þær upplýsingar hafa þannig enga þýðingu við áhættumatið.

Þá má vísa til yfirlýsinga Læknafélags Íslands í fjölmiðlum 22. og 23. febrúar um að breytingartillaga þingnefndarinnar sé sett fram að ósk váttryggingafélaga landsins. SFF áréttar að ósk um þessa breytingu kemur frá Persónuvernd og að hvorki SFF né einstakir aðilar á váttryggingamarkaði hafa kallað eftir því að lögin veiti heimild til upplýsingaöflunar af því tagi sem hér um ræðir, enda óviðeigandi að slíkar upplýsingar eigi að hafa þýðingu við áhættumat sem framkvæmt er í persónutryggingum.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri